

Árshlutareikningur

**Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing**

30. júní 2014



**VIRÐING**  
REKSTRARFÉLAG

# Efnisyfirlit

## Árshlutareikningur - Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing

	Bls.
Skýrsla stjórnar .....	2
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3
Rekstrarreikningur tímabilið janúar - júní 2014 .....	4
Efnahagsreikningur 30. júní 2014 .....	5
Yfirlit um breytingu á hreinni eign tímabilið janúar - júní 2014 .....	6
Skýringar .....	7 - 9

### Stjórn Veðskuldabréfasjóðs Virðingar

Kristján Einarsson, stjórnarformaður  
Anna Bjarney Sigurðardóttir  
Ingólfur Guðmundsson

### Framkvæmdastjóri

Þórólfur Sigurðsson

### Kjörinn endurskoðandi

Rýni endurskoðun ehf.  
Gunnar Þór Ásgeirsson

## Skýrsla stjórnar

Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing er fagfjárfestisjóður sem rekinn er af Rekstrarfélagi Virðingar hf.

Árshlutareikningur sjóðsins er hluti af árshlutareikningi Rekstrarfélags Virðingar hf. sem inniheldur árshlutareikning félagsins ásamt árshlutareikningum verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestisjóða Rekstrarfélags Virðingar hf. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og aðrir sjóðir Rekstrarfélags Virðingar. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.


Sjóðurinn hefur verið í rekstri Rekstrarfélags verðbréfasjóða ÍV frá stofnun sjóðsins árið 2008 en í lok mars 2014 var samið um flutning sjóðsins til Rekstrarfélags Virðingar. Í lok maí gaf sjóðurinn út skuldabréfaflokkinn VEDS1 14 01 að nafnvirði 10,8 milljarða króna. Fjárfestar fengu afhent skuldabréf á móti eign sinni í hlutdeildarskírteinum auk þess sem þeir fengu greiddar ríflega 400 milljónir króna í peningum. Skuldabréfin voru tekin til viðskipta í Kauphöll Íslands í byrjun júlí.

Hagnaður tímabilsins nam 470 milljónum króna. Hrein eign sjóðsins í lok tímabilsins var neikvæð um 25,5 milljónir króna samkvæmt efnahagsreikningi. Ástæða neikvæðrar stöðu hlutdeildarskírteina er ádurnefnd greiðsla til eigenda hlutdeildarskírteina sjóðsins upp á rúmar 400 mkr. sem setti eignastöðuna tímabundið niður fyrir uppreiknaða stöðu útgefinna skuldabréfa sjóðsins. Það er stefna sjóðsins að greiða sem mest af afborgunum, vöxtum og fyrirframgreiðslum beint til eigenda skuldabréfa sjóðsins til að minnka lausafjánhættu. Þó hrein eign sjóðsins hafi með þessu orðið neikvæð tímabundið er staða sjóðsins sterk, bæði hvað varðar lausafjárstöðu og eins stöðu eigna á móti skuldum.

Stjórn Veðskuldabréfasjóðs Virðingar og framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Virðingar hf. staðfesta hér með árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið janúar – júní 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. ágúst 2014

Stjórn:



Handwritten signatures of the board members and the chief executive officer.

Framkvæmdastjóri

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Veðskuldabréfasjóðs Virðingar.

## Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi árs hlutareikning Veðskuldabréfasjóðs Virðingar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2014. Árs hlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

## Umfang könnunar


Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum sjóðsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi árs hlutareikningur gefi glögga mynd af sjóðnum á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2014 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 21. ágúst 2014

Baker Tilly Rými

  
Gunnar Þór Asgeirsson  
Löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur tímabilsins 1.1. - 30.6.2014

	Skýr.	1.1. - 30.6.2014	1.1. - 30.6.2013
<b>Fjármunatekjur</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur .....		548.020.705	632.323.000
Vaxtagjöld .....		(68.208.153)	(14.000)
<b>Hreinar fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>		<b>479.812.552</b>	<b>632.309.000</b>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Umsýsluþóknun .....	2	8.926.027	8.926.000
Annar rekstrarkostnaður .....		1.303.908	2.697.000
<b>Rekstrargjöld</b>		<b>10.229.935</b>	<b>11.623.000</b>
<b>Afkoma tímabilsins færð á hlutdeildarskifteini</b>		<b>469.582.617</b>	<b>620.686.000</b>

## Efnahagsreikningur 30.6.2014

Eignir	Skýr.	30.06.2014	31.12.2013
<b>Fjárfestingar:</b>			
Verðbréf með föstum tekjum .....	4	10.303.729.568	10.825.250.000
<b>Verðbréf</b>		<u>10.303.729.568</u>	<u>10.825.250.000</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Sjóðir og bankainnstæður .....		524.585.300	457.428.000
Aðrar skammtímakröfur .....		18.593.116	6.999.000
<b>Aðrar eignir</b>		<u>543.178.416</u>	<u>464.427.000</u>
<b>Eignir alls</b>		<u>10.846.907.984</u>	<u>11.289.677.000</u>
<b>Hlutdeildarskifteini og skuldir</b>			
Hlutdeildarskifteini .....		(25.548.261)	11.286.719.000
<b>Hlutdeildarskifteini alls</b>		<u>(25.548.261)</u>	<u>11.286.719.000</u>
Skuldabréfaútgáfa .....		10.868.209.793	0
Ýmsar skammtímaskuldir .....		4.246.452	2.958.000
<b>Aðrar skuldir alls</b>		<u>10.872.456.245</u>	<u>2.958.000</u>
<b>Hlutdeildarskifteini og skuldir alls</b>		<u>10.846.907.984</u>	<u>11.289.677.000</u>
Hlutdeildarskifteini .....		(25.548.261)	11.286.719.000
Fjöldi eininga .....		600.000	5.690.040.000
Gengi sjóðsbréfa í lok tímabils .....		-	1,98

## Yfirlit um sjóðstreymi tímabilsins 1.1. - 30.6.2014

---

	Skýr.	1.1. - 30.6.2014	1.1. - 30.6.2013
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður færður á hlutdeildarskirteini .....		<u>469.582.617</u>	<u>620.686.000</u>
<b>Hækkun á hlutdeildarskirteinum .....</b>		469.582.617	620.686.000
<b>Hlutdeildarskirteini í ársbyrjun .....</b>		11.286.719.000	10.420.260.000
Breyting vegna útgreiðslu og lækkunnar .....		<u>(11.781.849.878)</u>	<u>0</u>
<b>Hlutdeildarskirteini í lok tímabilsins .....</b>		<u><u>(25.548.261)</u></u>	<u><u>11.040.946.000</u></u>

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Veðskuldabréfasjóður Virðingar er fagfjárfestisjóður í rekstri Rekstrarfélags Virðingar hf.

## 2. Reikningskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningskilanna

Árshlutareikningur Veðskuldabréfasjóðs Virðingar fyrir tímabilið janúar - júní 2014 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða útgefnar af Fjármálaeftirlitinu.

Árshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru skráð á markaðsvirði.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningskilaaðferðum sjóðsins.

### Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð árshlutareiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um upplýsingar í skýringum árshlutareiknings. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru færðir í rekstrarreikning á því tímabili sem þeir falla til miðað við virka vexti. Meðal fjármagnsliða eru afföll, yfirverð og annar mismunur sem kann að vera á upphaflegu bókfærðu verði fjármálagerninga og fjárhæða á gjalddaga miðað við virka vexti.

Virkir vextir eru ávöxtunarkrafa sem notuð er við núvirðingu áætlaða sjóðstreymis yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar virkir vextir eru reiknaðir áætlað samstæðan sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerninga en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni.

### Gengismunur

Gengismunur er óinnleystur hagnaður eða tap af fjárfestingareignum. Matsbreytingar fjárfestingareigna sem og gengismunur erlendra mynta er færður í rekstrarreikningi þegar krafa um hann myndast.

### Umsýsluþóknunir

Sjóðurinn greiðir Rekstrarfélagi Virðingar hf. umsýsluþóknun sem ætlar er að stand undir rekstrarkostnaði og umsýslu vegna þeirra. Umsýsluþóknun er tilgreind sérstaklega í reglum sjóðsins.

### Lotun gjalda

Útgjöld eru færð á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.



# Skýringar

---

## Fjárfestingarverðbréf

Fjármálagæringar sem skráðir eru á skipulögðum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metnir á markaðsverði í lok júní 2014. Virði annarra fjármálagæringa er háð mati rekstrarfélags að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu, áætluðu endurheimtuhlutfalli og aðstæðum á markaði í lok tímabilsins.

Hlutabréf sem skráð eru á skipulögðum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metin á markaðsverði í lok júní 2014. Óskrá hlutabréf eru færð á síðasta þekktu viðskiptaverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.

Hlutdeildarskirteini í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum eru metin samkvæmt skráðu kaupgengi sem gildi í lok júní 2014.

Bundin innlán hjá lánastofnunum eru uppfærð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gegnismun í lok júní 2014.

Hlutdeildarskirteini í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum eru metin samkvæmt kaupgengi í tímabilsins.

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild.

## Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

## Skuldabréfaútgáfa

Langtímaskuldir eru metnar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til lækkunar langtímaskulda í ársreikningi og er innleystur í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

## Ymsar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Fjárskuldir eru metnar á gangvirði eða nafnvirði eftir því sem við á. Innleystur og óinnleystur hagnaður og tap af þessum eignum er færður í rekstrarreikning undir liðinn vaxtagjöld og gangvirðisbreytingar skulda.

Gangvirði fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagæringa við útreikning á gangvirði þeirra.

# Skýringar

## 3. Hlutdeildarskirteini

### Nafnávöxtun Veðskuldabréfasjóðsins Virðingar í lok júní 2014

	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði
Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing .....	1,90%	3,60%	7,30%
<b>Yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutafjár:</b>		<b>Bókfært verð</b>	<b>Bókfært verð</b>
		30.6.2014	31.12.2013
Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing .....		(25.548.261)	11.286.719.000

### Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna sjóðsins og fjárfestingarstefnu:

	Eign 30.6.2014 %	Eign 31.12.2013 %	Breyting	Fjárfestingastefna	
				Lágmark %	Hámark %
<b>Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing</b>					
Skbr. stór Reykjavíkursvæði .....	87	91	(4)	0	100
Skbr. utan stór Reykjavíkursv. ....	8	3	5	0	20
Aðrar eignir .....	0	0	0		
Reiðufé. ....	5	6	(1)		

### Sundurliðun fjárfestinga sjóðsdeilda og hlutfallsleg skipting

	Annað kr.	%	Samtals kr.	%
<b>Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing</b>				
Aðrir fjármálagerningar .....	10.303.729.568	100	10.303.729.568	100
	<u>10.303.729.568</u>	<u>100</u>	<u>10.303.729.568</u>	<u>100</u>

## 4. Yfirlit um fjárfestingar

### Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing

### Markaðsverð

Tíu stærstu veðskuldabréfin .....	4.330.756.835
Önnur veðskuldabréf og vanskil .....	5.972.972.733
Heildarverðmæti fjárfestinga .....	<u>10.303.729.568</u>
Handbært fé .....	524.585.300
Aðrar eignir og skuldir .....	<u>(10.853.863.129)</u>
Hlutdeildarskirteini samtals .....	<u><u>(25.548.261)</u></u>